

# Byggingarár húsa á Eskifirði

Kristín Ágústsdóttir

Unnið fyrir Veðurstofu Íslands

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	2
2	GAGNAÖFLUN OG ÚRVINNSLA.....	2
3	ÁGRIP AF BYGGÐASÖGU ESKIFJARÐAR .....	3
4	ÓHENTUGT BÆJARSTÆÐI?.....	4
5	HÚSALISTI.....	5
6	ATRÍÐAORÐASKRÁ – HÚSANÖFN.....	22
7	HEIMILDASKRÁ .....	23
8	HEIMILDARMENN .....	24
	VIÐAUKI I – NÖFN HÚSA SEM STANDA Í MAÍ 2000 .....	25
	KORT29	

## 1 INNGANGUR

Að beiðni Veðurstofu Íslands hefur Náttúrustofa Austurlands gert úttekt á byggingarárum húsa á Eskifirði. Tilgangur verkefnisins er að afla upplýsinga fyrir mat á ofanflóðahættu á Eskifirði. Reynt var að afla vitneskju um hvenær einstök hús voru byggð á Eskifirði, hvar þau voru og hvenær þau hurfu af sjónarsviðinu. Verkefnið er sambærileg öðrum verkefnum Veðurstofu Íslands um byggingarár húsa á þéttbýlisstöðum sem búa við ofanflóðahættu.

## 2 GAGNAÖFLUN OG ÚRVINNSLA

Helstu heimildir sem varðveita upplýsingar um hús og byggingarár húsa á Íslandi eru fasteignamat og byggðasögurit. Fasteignamat fyrir Eskifjarðarhrepp, Helgustaðahrepp og Reyðarfjarðarhrepp frá árunum 1918 og 1930, fasteignamat fyrir Eskifjörð frá árinu 1970 og fasteignamat fyrir Fjarðabyggð frá árinu 1999 voru yfirfarin og byggingarár húsa skráð á kort. Í ljós kom að upplýsingar um byggingarár fasteigna í fasteignamati eru ekki mjög nákvæmar. Stundum var misræmi á milli ára og oft vantaði upplýsingar um byggingarár húsa, sérstaklega í fasteignamati frá árunum 1918 og 1930, enda segir t.d. í inngangi fyrir fasteignamati Eskifjarðarhrepps árið 1918:

*„Virðist sem Eskifirðingar hafi látið sér í léttu rúmi liggja, að fáum undantekningum, það fyrirmæli fasteignamatslaganna að spurningum listanna sé rétt og ítarlega svarað“* (Fasteignamat fyrir Eskifjarðarhrepp 1918).

Gengið var út frá því að elstu upplýsingarnar væru þær áreiðanlegustu. Í fasteignamati fyrir Eskifjörð frá 1930 og 1918 og að hluta til í fasteignamati frá 1970 eru hús ekki kennd við götur, heldur fólkið sem bjó í þeim eða húsin nafngreind. Töluverð vinna fór því í að lesa saman fasteignamat frá mismunandi tímum

Töluverðar upplýsingar um byggingarár húsa sem reist voru á Eskifirði fram að aldamótunum 1900 er að finna í Eskju, riti Byggðasögunefndar Eskifjarðar (Einar Bragi Sigurðsson, 1971). Þá er ágætt yfirlit í húsakönnun sem Hörður Ágústsson (1980) vann á Eskifirði í tengslum við aðalskipulagsgerð bæjarins. Ef ósamræmi var á milli byggingarára húsa í Eskju og fasteignamati voru ártöl í Eskju látin ráða.

Götukort með húsnúmerum var einungis til af litlum hluta Eskifjarðar og fór því hluti verksins í að vinna slíkt kort.

Til að samræma heimildir var farið í vettvangsferðir á Eskifjörð. Á Myndasafni Eskifjarðar er að finna töluverðan fjölda mynda af húsum sem nú eru horfin. Á Sjóminjasafni Austurlands er einstakt líkan af byggðinni við Eskifjörð á árunum 1923-1930, byggt á uppdrætti Helga Hermanns Eiríkssonar (1923). Til að fá botn í ýmsar glufur í heildarmynd verkefnisins var rætt við einstaklinga sem þekkja vel byggðasögu og staðhætti á Eskifirði. Það var einróma álit flestra sem ég hafði samband við á Eskifirði að Hilmar Bjarnason væri manna fróðastur um sögu húsa á Eskifirði og því vísuðu allir á hann. Hilmar reyndist mjög hjálplegur við verkefnið sem vart hefði orðið svipur hjá sjón án hans hjálpar. Einnig voru Ölver Guðnason og Geir Hólm mjög hjálplegir. Kann ég þessum heiðursmönnum bestu þakkir.


Verkefnið var unnið á vormánuðum ársins 2000. Niðurstöður eru birtar á tólf kortblöðum í breytilegum mælikvarða. Kortin eru þrenns konar. Í fyrsta lagi eru kort yfir hús á Eskifirði sem standa í dag með upplýsingum um byggingarár þeirra og nöfn. Í öðru lagi eru kort sem sýna staðsetningu húsa sem vitað er til að hafi staðið á Eskifirði en eru nú horfin. Á þeim kemur fram nafn húsa sem hafa horfið, hvenær húsin voru reist og hvenær þau hurfu. Í þriðja lagi eru kort sem sýna hlutverk bygginga sem standa á Eskifirði í dag, þ.e. hvort um er að ræða íbúðarhús, atvinnuhús eða kofa. Nánari skýringar með kortum er að finna á blöðum á undan hverjum kortaflokki.

### 3 ÁGRIP AF BYGGÐASÖGU ESKIFJARÐAR

Í dalnum inn af Eskifirði er býlið Eskifjörður, landnámsjörð Brynjólfs hins gamla. Heimildir hafa fundist um samfellda ábúð á Eskifirði frá því á fyrri hluta 16. aldar en ætla má að á jörðinni hafi verið búið samfelld frá landnámi. Með tíð og tíma fjölgaði býlum í dalnum, bæði sunnan og norðan megin, en einnig út með firðinum að norðanverðu þar sem nú er kaupstaðurinn Eskifjörður (Einar Bragi Sigurðsson, 1977).

Árið 1788 var einokunarverslun Dana afnumin á Íslandi og sex íslenskum höfnum veittur kaupstaðaréttur. Þeirra á meðal var Eskifjörður en þar hafði ekki verið verslunarhöfn áður (Páll Línadal, 1982).

Fyrsta verslunarhúsið í Eskifjarðarkaupstað, Norska hús var reist árið 1789 í landi Lambeyrar sem hafði verið hjáleiga frá Eskifirði a.m.k. frá því á 17. öld. Á Lambeyri voru árið 1786 skráðar 8 manneskjur og eru það hinir fyrstu íbúar Eskifjarðarkaupstaðar (Einar Bragi Sigurðsson, 1977). Árið 1816 var þar komið dálítið hverfi með 37 manns á alls átta heimilum (Ármann Halldórsson, 1976). En byggð festist ekki þar, heldur skaut rótum á milli Grjótár og Lambeyrarar þar sem Útkaupstaður byggðist upp frá árinu 1798 þegar Örum og Wulff hófu þar verslun með tilheyrandi húsabyggingum. Skömmu síðar eða árið 1802 hóf Kjartan Ísfjörð svo verslun í Framkaupstað (Einar Bragi Sigurðsson, 1986).



Mynd 1. Mannfjöldapróun á Eskifirði frá 1801 til 1997.

(Schuler, 1994; Hagstofa Íslands; Hörður Ágústsson, 1980)

Íbúum fjölgaði hægt á Eskifirði fram undir 1880 og var kjarni byggðarinnar húsabyrpingarnar á verslunarstöðunum í Út- og Framkaupstað með einstaka byggingum í jöðrum þeirra. Þegar síldveiðar Norðmanna hófust hér við land um 1879 með tilheyrandi þörf fyrir verkafólk fór að fjölga verulega á Eskifirði (sjá mynd 1). Samfara íbúafjölgun fór byggðin að breiða meira úr sér. Fram að þessu hafði byggðin staðið í stað. Fyrst óx hún þar sem nú er Kirkjustígur, svo út með firðinum þar sem nú er félagsmiðstöðin Knellan, við ósa Ljósár og við Hlíðarenda. Innan við Framkaupstað var einnig vöxtur en fremur gisin til að byrja með (Hörður Ágústsson, 1980). Samfara örum vexti þéttbýlisins var uppgangur í húsabyggingum, atvinnu-, félags- og menntamálum. Bakarí, bindindishús, fríkirkja, skóli, þjóðkirkja og sjúkrahús voru reist. Prentsmiðja og pósthús tóku til starfa og fyrsta vatnsaflsstöðin í almenningseign á Íslandi var reist á Eskifirði árið 1911 við Ytri Lambeyrará sem síðan ber nafnið Ljósá.

Allt sem fer upp kemur niður. Á kreppuárunum tók fyrir vöxtinn og íbúum á Eskifirði sem og annars staðar á Austfjörðum fækkaði. Smám saman lifnaði þó aftur yfir bænum og atvinnutækifærum fjölgaði á nýjan leik. Aftur varð síldin mikill happafengur fyrir Eskifjörð. Á

síldarárunum frá 1955 til 1970 varð mikill fjörkippur í atvinnulífinu á Eskifirði. Síldarbræðsla og síldarsöltunarstöðvar risu, bátar voru keyptir í plássíð og fjöldi húsa var reistur (Skipulagsstofa Austurlands, 1989). Íbúafjöldi náði hámarki á Eskifirði árið 1982 en síðan þá hefur íbúum á Eskifirði, líkt og annar staðar á landsbyggðinni fækkað (mynd 1, bls. 3).

#### 4 ÓHENTUGT BÆJARSTÆÐI?

Víða er að finna heimildir um vangaveltur um hvort Eskifjörður geti talist hentugt bæjarstæði vegna ofanflóða. Þess verður fyrst vart árið 1857 í umræðum á þingi um hvort verslunarstaður á Austurlandi ætti að flytjast frá Eskifirði til Seyðisfjarðar. En þar vitnar Helgi G. Thordersen biskup í vísitasíuskýrslu sína frá 1850 þar sem segir um Eskifjörð:

*„Þessi höndlunarstaður er sá ljótasti og hryllilegasti sem ég hef séð; hátt fjall með grjótskriðum liggur hér fram að sjó; höndlunarhúsin standa í þessum halla, svo auganu má virðast eins og við því sé búið á hverri stundu, að skriðurnar falli á þau. Húskofi sem aðeins lá nokkrum álnum (eða föðmum) ofar en höndlunarhúsin lagðist á þann hátt í eyði í fyrravetur og biðu við það 3 manns bana“ (Páll Línadal, 1982: bls. 349).*

Húskofinn sem hér er getið um er Klofi sem fór í krapaflóði, svonefndu Klofahlaupi úr Grjótá árið 1849.

Í bænaskrá frá 1857 segir:

*„...auðsætt hverjum þeim, sem þekkir til á Eskifirði, að þar verður ekki fjölgað húsum til muna fram yfir það, sem nú er, því reynslan hefur sýnt að þau verzlunarhús, sem þar eru, engan vegin standa á óhultum stað“ (Páll Línadal, 1982: bls. 349).*

Í inngangslýsingu sem fylgdi með fyrsta uppdrætti fyrir Eskifjörð og var samþykktur árið 1930 segir m.a.:

*„Bæjarstæðið á Eskifirði, eins og það er nú, er bæði þröngt og óhentug; brött undirlendislaus hlíð á mestum hluta, sundurskorin af fossandi fjallalækjum sem geta valdið snjóhlaupum á fleiri en einum stað“ (Páll Línadal, 1982: bls. 351).*

Ennfremur segir þar :

*„Þó má gera ráð fyrir að hyggilegt sé að byggja ekki á þeim svæðum, þar sem hætt er við hlaupum, sérstaklega innan Grjótár efst. Vér höfum ekki treyst okkur til að afmarka þessi hættulegu svæði og ætlumst til að bæjarstjórn skeri úr því, hvað ganga skuli úr af byggingarsvæðinu af þessari ástæðu“ (Páll Línadal, 1982: bls. 351).*

Árið 1948 fór bygginganefnd Eskifjarðar fram á endurskoðun á skipulagi staðarins. Var gildandi skipulag þá talið: „...með öllu óhæft á stórum svæðum“ eftir hlaup sem komið höfðu þá nýlega niður bæjarlandið (Skipulagsstofa Austurlands, 1989: bls. 13).

## 5 HÚSALISTI

Í húsalistanum sem hér fer á eftir er hús skráð eru í landfræðilegri röð innan úr Eskifjarðardal (Kálknum) og út eftir kaupúninu til suðausturs að Svínaskálastekk. Skráð eru horfin hús og þau hús sem vitað er til að hafi orðið fyrir snjóflóði eða aurskriðu og eru þau stjörnumerkt. Listinn er þó ekki tæmandi fyrir þau hús sem flóð hafa lent á. Til dæmis fylltust víða kjallarar húsa af vatni í aur-og vatnsflóði 1940. Ekki er allra þeirra húsa getið í þessum lista.

Eskifjörður liggur í NNV. Þar sem talað er um inn þýðir það samkvæmt málvenju inn að fjarðarbotni en út þýðir út að fjarðarmynni.

Listinn er ekki tæmandi fyrir þau hús sem horfið hafa á Eskifirði, t.d. var mjög erfitt að afla upplýsinga um kofa sem stóðu með íbúðarhúsum fyrir á tímum. Sum húsinn sem ekki er vitað með vissu hvar stóðu eru ekki merkt á kortin yfir horfin hús.

Stundum má deila um hversu upprunaleg hús eru en það skiptir ekki meginmáli fyrir þessa skýrslu þar sem tilgangur hennar er að afla vitneskju um hversu lengi hús hafa staðið á ákveðnum stað óháð því hversu upprunalegt það er eða ekki. Ekki var lögð mikil vinna í að grafa upp upplýsingar um hús sem horfið hafa á á seinni hluta 20. aldar, enda ofanflóðasaga þess tíma nokkuð vel skráð. Minni heimildarmanna var látið nægja í þessu tilviki.

Horfin hús sem einhverjar upplýsingar fundust um eru á þessum lista þó að stundum séu upplýsingar heldur rýrar. Einhver sjóhúsanna sem sýnd eru á kortunum yfir horfin hús vantar þó á þennan lista, einnig vantar í þennan lista nokkra „skúra“, þ.e. útihús ýmis konar sem sýnd eru á uppdrættinum frá 1923 og kortunum yfir horfin hús.

### VETURHÚS

**Kort:** 2.1.

**Staðs.:** Um 2 km inn af býlinu Eskifirði, rétt innan við Innri-Þverá.

**Byggingarár:** 1881.

**Önnur nöfn:** Vetrarhús.

**Eigandi/ábúandi:** Pétur Bjarnason, síðar Páll Þorláksson og síðast Páll Pálsson .

**Örlög:** Fór í eyði 1945. Allt timbur var strax hirt úr húsinu, þar á meðal þakið, þannig að eftir stóðu bara steinsteyptir útveggir. Þeir hrundu að mestu í veðurofsa ári síðar.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986; Ármann Halldórsson, 1976; Magnús Pálsson, munnl. uppl. 2000.

(\***BORGIR**

**Kort:** 2.1.

**Staðs.:** Austasta býlið í Eskifjarðardal sunnanverðum, litlu innar en býlið Eskifjörður.

**Byggingarár:** 1828.

**Önnur nöfn:** Borg, Eskifjarðarborgir.

**Eigandi/ábúandi:** Jón Jónsson, síðar Guðmundur Árnason, síðar Tryggvi Hallgrímsson póstur.

**Örlög:** 1930 var búið að rífa bæjarhúsin og flytja burt af jörðinni.

**Athugasemdir:** Hjáleiga frá Eskifirði. Fór í eyði 1909-1914 þegar skriða féll á tún **B** um 1909 og skemmdi svo að ábúandinn fluttist að Baulhúsum í Hólmanesi. Eftir að **B** féll

endanlega úr ábúð 1926 var jörðin nytjuð fram til 1953 er aftur féll skriða úr Hólmatindi og eyðilagði tún. Í fasteignamati frá 1918 segir að á **B** sé skriðu- og snjóflóðahætt.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1986; Ármann Halldórsson, 1976, Fasteignamat 1918; 1930; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

\***HESTHÚSIN**

**Kort:** 1.1.

**Staðs.:** Innan við býlið Eskifjörð.

**Byggingarár:** 1937.

**Örlög:** Stendur enn.

**Athugasemdir:** Krapaflóð féll um 1988 á útstafn hússins en skemmdi ekkert.

**Heimild:** Ölver Guðnason, munnlegar upplýsingar, 2000; Fasteignamat 1999.

## BAKKI

**Kort:** 2.1

**Staðs.:** Innan við býlið Eskifjörð.

**Byggingarár:** Fyrir 1734.

**Eigandi/ábúandi:** Böðvar Bjarnason.

**Örlög:** Fór í eyði á árunum 1754-1756.

Ekki er vitað hvenær húsið sjálft hvarf af sjónarsviðinu.

**Athugasemdir:** Ekki getið í manntalinu 1703. **B** var afbýli frá Eskifirði.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986.

## VATNSMYLLA VIÐ ESKIFJÖRÐ

**Kort:** 2.1.

**Staðs.:** Ofan við Hólinn beint upp af býlinu Eskifirði.

**Eigandi/ábúandi:** Mylla frá býlinu Eskifirði.

**Örlög:** Óþekkt.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971.

## EYJÓLFSBLETTUR

**Kort:** 2.2.

**Staðs.:** Ofan við spennistöð Rarik.

**Byggingarár:** 1898.

**Eigandi/ábúandi:** Eyjólfur Pétursson (líka sagður ábúandi í Eskifirði frá 1898-1916).

**Örlög:** Ekki vitað, en Eyjólfur Pétursson bjó þarna a.m.k. 1905. Bergþóra Pálsdóttir er fædd 1918 og uppalin í Veturhúsum. Hún man bara eftir grasi vöxnum tóftum á þessum stað. Hilmar Bjarnason fæddur 1916 man ekki eftir **E** að öðru leyti en því að hann þekkir staðsetninguna.

**Athugasemdir:** Smábýli.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986; Ármann Halldórsson, 1976; Bergþóra Pálsdóttir, munnlegar upplýsingar, 2000; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## GIL

**Kort:** 2.2

**Staðs.:** Í Bleiksárgili.

**Byggingarár:** Fyrir 1878.

**Eigandi/ábúandi:** Friðrik Þorleifsson bjó þar á árunum 1878-1880.

**Örlög:** Óþekkt.

**Athugasemdir:** Líklega búið stutt í **G**. Þess er hvorki getið í sóknarmannatali fyrir né eftir 1878-1880.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971

## FJÁRHÚS VIÐ BLEIKSÁ

**Kort:** 2.2.

**Staðs.:** Utan við Bleiksá, inn af götunni Fögruhlíð.

**Byggingarár:** Um 1910.

**Eigandi/ábúandi:** Gunnar Gunnarsson.

**Örlög:** Fjarlæggt um 1960.

**Heimild:** Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar 2000.

## BLEIKSÁ

**Kort:** 2.2.

**Staðs.:** Utan við Bleiksá á þeim slóðum þar sem nú er skrúðgarður Eskfirðinga.

**Byggingarár:** Fyrir 1820.

**Eigandi/ábúandi:** Magnús Eiríksson. (1820).

Síðastur bjó þar Jón Þorleifsson

**Örlög:** Óþekkt en síðasti húseigandinn (Jón Þorleifsson) skráður 1889. **B** hefur líklega staðið fram yfir 1930.

**Athugasemdir:** **B** er ekki nefnd í fasteignamati 1918 en í fasteignamati 1930 er **B** nefnd tekið fram að ekki hafi verið búið þar síðustu árin.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1918; 1930.

## GUÐNAHÚS

**Kort:** Ekki sýnt á korti.

**Staðs.:** Engin veit nákvæmlega hvar **G** stóð en það var við Bleiksá.

**Byggingarár:** Um 1879.

**Önnur nöfn:** Gytteborg.

**Eigandi/ábúandi:** Guðni Vigfússon.

**Örlög:** Flutt í kaupúnið 1886 og heitir nú Finnshús og stendur við Túngötu 10.

**Athugasemdir:** Húsið keyptu bræðurnir Guðni og Finnur af frú Gyðu Thorlacius sem lét reisa þetta hús eftir dauða mannsins síns. Kennt við Guðna Þorleifsson kaupmann, en Finnshús kennt við Finn bróður hans.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971, Geir Hólm, munnlegar upplýsingar 2000.

## HAUKABERG

**Kort:** 2.2.

**Staðs.:** Strandgata 1.

**Byggingarár:** 1938.

**Eigandi/ábúandi:**

**Örlög:** Veggjatíla komst í húsið, það var rifið um 1985.

**Heimild:** Fasteignamat 1970; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar 2000.

## SÓLVANGUR

**Kort:** 2.2.

**Staðs.:** Ofan við Strandgötu 1B.

**Byggingarár:** 1925.

**Eigandi/ábúandi:** Gunnar Júlíusson.

**Örlög:** Fjarlæggt um 1965.

**Heimild:** Fasteignamat 1930; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar 2000.

## MELUR (GAMLI)

**Kort:** 2.2.

**Staðs.:** Stóð innstur húsa í þorpinu, rétt innan og ofan Strandgötu 7B.

**Byggingarár:** Fyrir 1865.

**Eigandi/ábúandi:** Árið 1865 bjó Jónas Sigurðsson í Mel sem líklega er sá Melur sem hér er nefndur. Síðastur bjó Þorvaldur Jónsson á Mel.

**Örlög:** Stóð um fárra ára bil upp úr aldamótum.

**Athugasemdir:** Tórnthús úr torfi og grjóti

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1986; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## FAGRAHLÍÐ (GAMLA)

**Kort:** 2.2.

**Staðs.:** Utan og ofan við þar sem nú er Strandgata 7B.

**Byggingarár:** Fyrir 1882.

**Eigandi/ábúandi:** Um aldamótin 1900 bjó þar Erlín Jónsdóttir.

**Örlög:** Hverfur úr sóknarmannatali 1899

**Athugasemdir:** Tórnthús úr torfi og grjóti.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971.

## UPPSALIR (EFRI)

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Beint upp af Strandgötu 27. U.þ.b. þar sem nú er Strandgata 55.

**Byggingarár:** 1889.

**Eigandi/ábúandi:** Hávarður Eiríksson, Gestur Guðmundsson.

**Örlög:** Horfið nokkru fyrir 1970.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1930;1970.

## BLÓMSTURVELLIR

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** U.þ.b. þar sem nú er Strandg. 29A.

**Byggingarár:** 1881.

**Eigandi/ábúandi:** Oddur Eiríksson, Kristján Jónsson.

**Örlög:** Rifið í júní 1968.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1986; Fasteignamat, 1930; 1970, Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## ÍSHÚSIÐ Í FRAMKAUPSTAÐ

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** U.þ.b. þar sem nú er Strandgata 29.

**Byggingarár:** U.þ.b.1900.

**Eigandi/ábúandi:** Friðgeir Hallgrímsson.

**Örlög:** Farið um 1950.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1930; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## SNÆFELL

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Þar sem nú er Strandgata 31, Heilsugæslustöðin.

**Byggingarár:** Um 1958.

**Eigandi/ábúandi:** Eskifjarðarkaupst.

**Örlög:** Rifið um 1980.

**heimild:** Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Ölver Guðnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## FRAMKAUPSTAÐUR (FYRRI)

**Kort:** 2.3. Svæðið þar sem þau hús stóðu sem hér eru talin upp er afmarkað með hring.

Afstaða og staðsetning húsa er ekki sýnd, fyrir utan vatns-og vindmyllu sem stóðu

örlítið utan við húsapýrpinguna í **F**

**Staðs.:** Á tungunni innan við Grjótá, á svæðinu þar sem nú er Strandgata 33A.

**Byggingarár:** Fyrstu húsin voru risin 1805, líklega um 1802-1804.

**Eigandi/ábúandi:** Kjartan Ísfjörð.

**Örlög:** Öll (flest) hús í Framkaupstað voru flutt á Vestdalseyri árið 1851.

**Athugasemdir:** Árið 1805 eru nefnd í **F** íbúðarhús/pakkhús og vatnsmylla. Árið 1806 er reist eitt timburhús í viðbót og var þá **F** fullbyggður um skeið. 1823-1836 voru stórt pakkhús, ný mörbúð, vatnsmylla við Grjótá, enn stærra pakkhús, lifrabræðsla, fjós, hlaða, vindmylla og íbúðarhús reist. Um 1845 voru reist tvö ný stórhýsi í **F** íbúðarhús og kornpakkhús. Í úttekt í **F** frá 1845 voru eftirfarandi hús í **F**: Íbúðarhús/krambúð, nýsmíðað kornpakkhús, Assistentshús, sláturhús og mörbúð, tveir sambyggðir hjallar, nýsmíðaður hjallur, lýsishús með viðbyggðum skúr, hlaða og fjós, lítil vatnsmylla, hesthús, Beykisbúð/íbúð, vindmylla, brunnhús og kamar.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986.



**\*FJÓS, HLADA OG HJALLUR  
FRÍÐGEIRS HALLGRÍMSSONAR**

**Kort:** 2.3

**Staðs.:** Var beint ofan við Strandgötu 33A, náði aðeins inn fyrir innstafn hússins.

**Byggingarár:** Um 1872.

**Eigandi/ábúandi:** Friðgeir Hallgrímsson kaupmaður.

**Örlög:** Eyðilagðist í snjóflóði (krapaflóði) árið 1919.

**Athugasemdir:** Snjóflóð jafnaði við jörðu hlöðu, hjall og steinhlaðið fjós í

Framkaupstað og drap kýr, kálf og kindur.

**Heimild:** Ólafur Jónsson o.fl., 1992; Jón Gunnar Egilsson, 1990; Fasteignamat 1930, Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

**FJÓS OG HLADA**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Ofan við Strandgötu 33A.

**Byggingarár:** 1920.

**Örlög:** Fjarlæggt um 1945.

**Athugasemdir:** Stóð á svipuðum og fjósið sem fór í snjóflóðinu 1919.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

**SJÓHÚS (A) Í FRAMKAUPSTAÐ**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Við innstafn Salthússins, Strandgötu 28.

**Byggingarár:** Eftir aldamótin 1900.

**Örlög:** Fjarlæggt fyrir 1945

**Athugasemdir:** Ónefnt sjóhús í Framkaupstað, talið með Dahlhúsi og Salthúsi getið í FM 1930.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1930; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Rafmagnseftirlit ríkisins, 1945.

**SJÓHÚS (B) Í FRAMKAUPSTAÐ**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Þar sem nú er Strandgata 30B.

**Byggingarár:** 1923.

**Önnur nöfn:** Langasjóhús, Bryggjuhús.

**Eigandi/ábúandi:** Friðgeir Hallgrímsson.

**Örlög:** Fjarlæggt fyrir 1945.

**Athugasemdir:** Um tíma voru sýnd leikrit í þessu húsi.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1983; Fasteignamat 1930; Hilmar Bjarnason,

munlegar upplýsingar, 2000, Rafmagnseftirlit ríkisins, 1945.

**HESJUSJÓHÚS**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** U.þ.b. þar sem nú er útendi Strandgötu 30B. Út og niður af Dalhshúsi.

**Byggingarár:** Eftir aldamótin 1900.

**Örlög:** Fjarlæggt fyrir 1945.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Rafmagnseftirlit ríkisins, 1945.

**\*DRÁTTARBRAUTIN**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Á milli Strandgötu 30A og 32.

**Byggingarár:** Reis um 1930.

**Örlög:** Starfrækt fram yfir 1955, líklega rifin skömmu síðar.

**Athugasemdir:** Í aurflóðinu 6.-7. ágúst 1946 urðu skemmdir á dráttarbrautinni.

**Heimild:** Jón Gunnar Egilsson, 1990; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

**NÓTASTOFAN - AÐALBÓL**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Rétt innan við Vélaverkstæðið, Strandgötu 32.

**Byggingarár:** 1885.

**Eigandi/ábúandi:** Árni Hinriksson, síðar Hinrik Árnason.

**Örlög:** Rifið allnokkru fyrir 1970.

**Athugasemdir:** Var fyrst notuð sem nótaviðgerðarstöð, síðar til íbúðar og þá kallað Aðalból.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Kristján V. Kristjánsson, 1994.

**BERGÞÓRUSJÓHÚS**

**Kort:** 1.3.

**Staðs.:** Strandgata 32.

**Byggingarár:** Um 1900.

**Örlög:** Farið um 1935.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971, Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

**\*VERKSTÆÐI ESKIFJARÐAR**

**Kort:** 1.3.

**Staðs.:** Strandgata 32.

**Byggingarár:** 1921.

**Önnur nöfn:** Vélaverkstæði Eskifjarðar

**Eigandi/ábúandi:** Verkstæði Eskifjarðar ehf.

**Örlög:** Stendur enn.

**Athugasemdir:** Í vatnavöxtum 6.-7. ágúst 1946 hljóp Grjótáin og náði að grafa undan húsinu. Við það féll austurgafllinn úr húsinu. Síðan þá hefur verið byggt utan og innan við umræddan gafl.

**Heimild:** Jón Gunnar Egilsson, 1990; Fasteignamat 1999.

#### **\*VATNSMYLLA Í FRAMK.STAÐ (ELDRI)**

**Kort:** Ekki sýnd á korti.

**Staðs.:** Ekki þekkt en hugsanlega á svipuðum slóðum og vatnsmylla sem reist var í Framkaupstað 1827 (Sjá Vatnsmyllu í Framk.stað Yngri og Kort 2.3).

**Byggingarár:** Um 1805.

**Eigandi/ábúandi:** Kjartan Ísfjörð.

**Örlög:** Eyðilagðist í stórhlaupi nokkrum árum eftir 1805.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1986.

#### **VATNSMYLLA Í FRAMK.STAÐ (YNGRI)**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Rétt utan við þar sem nú Strandgata 37, rétt innan við bakka Grjótár.

**Byggingarár:** 1827.

**Eigandi/ábúandi:** Kjartan Ísfjörð.

**Örlög:** Rifin niður og flutt til Seyðisfjarðar ásamt öðrum húsum í F 1851.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1986; Hörður Ágústsson, 1980.

#### **EINARS SNIKKARA HÚS**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Beint niður af Bleiksárhlíð 58, rétt innan og neðan við Tungustíg 4. Stóð við Tungustíg 4B.

**Byggingarár:** 1891.

**Eigandi/ábúandi:** Einar snikkari (M.) Einarsson.

**Örlög:** Brennt vegna berkla fyrir 1923.

**Athugasemdir:** Einar snikkari Einarsson reisti íbúðarhúsið.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986; Fasteignamat, 1930; 1970, Kristján V. Kristjánsson 1994; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

#### **VERKSTÆÐI EINARS SNIKKARA**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Niður af þar sem nú er Tungustígur 4.

**Byggingarár:** 1911.

**Eigandi/ábúandi:** Einar snikkari (M.) Einarsson.

**Örlög:** Fjarlæggt um 1947.

**Athugasemdir:** Verkstæði.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat, 1970, Kristján V. Kristjánsson; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

#### **ÁRBAKKI**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Útendinn á Jensenshúsi, Tungustíg 3A.

**Byggingarár:** 1890.

**Eigandi/ábúandi:** Jens P. Jensen.

**Örlög:** Rifið 1992.

**Athugasemdir:** Um tíma var veitingasala í húsinu.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat, 1970, Kristján V. Kristjánsson; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

#### **VINDMYLLA Í FRAMKAUPSTAÐ**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Þar sem nú er Bleiksárhlíð 58.

**Byggingarár:** 1831.

**Eigandi/ábúandi:** Kjartan Ísfjörð.

**Örlög:** Rifin og flutt á Seyðisfjörð ásamt öðrum húsum í F 1851.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1986; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar 2000; Hörður Ágústsson, 1980.

#### **SNÆHVAMMUR (YNGRI)**

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Bleiksárhlíð 67A.

**Byggingarár:** 1930.

**Eigandi/ábúandi:** Halldór Guðnason.

**Örlög:** Fjarlæggt 1996.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat, 1970, Kristján V. Kristjánsson; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## LANGHOLT

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Bleiksárhlið 67C, þar sem nú er Bleiksárhlið 69.

**Byggingarár:** 1920.

**Örlög:** Rifið eftir 1970.

**Heimild:** Fasteignamat 1930; 1970; Kristján V. Kristjánsson, 1994; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## TUNGA

**Kort:** 2.3.

**Staðs.:** Beint niður af Bleiksárhlið 69.

**Byggingarár:** 1898.

**Önnur nöfn:** Guðfinnshús.

**Eigandi/ábúandi:** Guðfinnur Jónsson.

**Örlög:** Rifið eftir 1970.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar; Kristján V. Kristjánsson, 1994.

## \*KLOFI

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Upp í brekkunni á milli Lambeyrarár og Grjótár, nær Grjótá.

**Byggingarár:** Um 1816.

**Eigandi/ábúandi:** Magnús Eiríksson.

**Örlög:** Eyðilagðist í krapaflóði, svokölluðu Klofahlaupi árið 1849. Þrír menn fórust.

**Athugasemdir:** Úr torfi og grjóti.

**Heimild:** Ármann Halldórsson, 1976; Einar Bragi Sigurðsson 1971; 1986; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## BAKKASTÍGUR 3

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Við Bakkastíg 3.

**Byggingarár:** Um 1960.

**Eigandi/ábúandi:** Rúnar Halldórsson.

**Örlög:** Rifið 1996.

**Heimild:** Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Ölver Guðnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

## STÓRHOLT (GAMLA)

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Fossgata 5.

**Byggingarár:** Um 1900.

**Önnur nöfn:** (Músálækur).

**Örlög:** Nýtt Stórholt reist á sama stað 1956.

**Heimild:** Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000, Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## SNÆHVAMMUR (ELDRI)

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Ofan Fossgötu 9.

**Byggingarár:** 1877.

**Örlög:** Húsið Brekkuborg (sjá húsið Mörk neðar á þessari blaðsíðu) var reist litlu neðar í þorpinu árið 1890 úr ræflinum af húsinu sem stóð í Snæhvammi.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1930 .

## MELBÆR (GAMLI)

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** U.þ.b þar sem nú er Fossgata 9.

**Byggingarár:** 1884.

**Eigandi/ábúandi:** Guðmundur Stefánss.

**Örlög:** Rifið um 1965.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1930; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

## MELSTAÐUR I

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Bakkastígur 9C.

**Byggingarár:** Um 1883.

**Eigandi/ábúandi:** Eyjólfur Guðmundsson.

**Örlög:** Rifið 1969.

**Athugasemdir:** Tómtús úr timbri.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971, Fasteignamat 1930; 1930; Kristján V. Kristjánsson, 1994.

## GILSBAKKI

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Bakkastígur 17A.

**Byggingarár:** 1908.

**Önnur nöfn:** Þórarinshús.

**Eigandi/ábúandi:** Þórarinn Jónsson.

**Örlög:** Rifið um 1965.

**Heimild:** Kristján V. Kristjánsson 1994; Fasteignamat 1930; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar 2000; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

## MÖRK

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Túngata 14.

**Byggingarár:** 1890.

**Önnur nöfn:** Miðhús, Brekkuborg, Hólmfríðarhús.

**Eigandi/ábúandi:** Þorsteinn Sæbjörnsson.

**Örlög:** Rifið eftir 1970.

**Athugasemdir:** Brekkuborg var reist úr „ræflinum af húsinu sem stóð í Snæhvammi“.

Síðar var Brekkuborg endurbætt og hlaut nafnið Mörk.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat, 1970; Kristján V. Kristjánsson, 1994, Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

### EINARSHÚS

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Þar sem nú er Kirkjustígur 8.

**Byggingarár:** 1890.

**Eigandi/ábúandi:** Einar Jónsson.

**Örlög:** Horfið um 1955.

**Athugasemdir:** Nýja húsið við Kirkjustíg 8 reist 1955.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971;1986.

### \*OLÍUHÚSIÐ

**Kort:** 1.3.

**Staðs.:** Strandgata 36.

**Byggingarár:** 1903.

**Önnur nöfn:** Shell húsið.

**Eigandi/ábúandi:** Skeljungur hf.

**Örlög:** Stendur enn.

**Athugasemdir:** Í flóði sem kom 29. júní 1940 grófust skurðir sitt hvoru megin við húsið, en það sakaði ekki.

**Heimild:** Jón Gunnar Egilsson, 1990.

### ÚTKAUPSTAÐUR

**Kort:** 2.4. Á kortinu eru ekki sýnd öll þau hús sem nefnd eru í textanum hér á eftir. Svæðið er afmarkað með hring á korti.

**Staðs.:** Á tungunni utan við Grjótá.

**Byggingarár:** Hús hafa staðið sleitulaust í Ú frá því fyrstu húsin, kaupmannshús, krambúð, sláturhús og mörbúð voru reist þar árið 1798. Sú skipan húsa hélst óbreytt lengi.

**Önnur nöfn:** Andratún, Hinar sameinuðu íslensku verzlarnir.

**Eigandi/ábúandi:** Örum og Wulff, C.D. Tuliníus, T. Tuliníus.

**Örlög:** Tvö hús í Ú brunnu í okt. 1815 og eitt var rifið 1823. Vatnsmyllan í Ú var rifin árið 1903. Gamla Búð og íshúsið (áður pakkhús) sem nú er horfið inn í Verkstæði H.E, Útkaupstaðarbraut 1, eru einu húsin sem standa eftir af húsunum í Ú. Húsin/kofarnir sem stóðu umhverfis Útkaupstaðarhúsið hurfu einhvern tíma á tímabilinu 1946-1960. Árið 1946 var frystihúsið reist og árið 1960 var reist hús þar sem nú er Verkstæði H.E. þar sem flest húsin stóðu.

**Athugasemdir:** 1816 var reist nýtt sláturhús og ný krambúð. Árið 1823 voru reist tvö ný timburhús í Ú, pakkhús og mörbúð og gamla mörbúðin rifin. Árið 1833 var reist pakkhús sem stóð fram yfir miðja þessa öld. Þá voru húsin í Ú orðin alls fimm. Í Ú stóðu árið 1880 tíu byggingar: vatnsmylla, íbúðarhús, krambúð (Gamla búð), mörbúð, hesthús, pakkhús, fjós, bakarí, önnur mörbúð og salthús, öll úr timbri. Árið 1923 stóðu íbúðarhúsið (Útkaupstaðarhús), Gamla búð, mörbúð, pakkhús, hesthús og fjósið frá 1880 ennþá. Við hafði bæst hlaða sem var sambyggð fjósinu, Nýja búð og Salt- og kolageymsluhúsið sem stóð þar sem salthúsið stóð 1880. Gamla bakaríð, vatnsmyllan, önnur mörbúðin og salthúsið voru horfin. **Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971;1986; Hörður Ágústsson, 1980.

### SALT- OG KOLAGEYMSLUHÚS Í ÚTKAUPSTAÐ

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** U.þ.b þar sem nú er Strandag. 38.

**Byggingarár:** Eftir aldamótin 1900.

**Örlög:** Var fjarlægð 1966.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

### NÝJA BÚÐ

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** U.þ.b. þar sem nú er Strandg. 38.

**Byggingarár:** 1903.

**Önnur nöfn.:** Tuliníusarbúð, Sameinaða.

**Eigandi/ábúandi:** Tuliníus og seinna hinar sameinuðu íslensku verslanir.

**Örlög:** Rifið um 1968.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

### ÚTKAUPSTAÐARHÚSIÐ

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Þar sem nú er Strandgata 39.

**Byggingarár:** U.þ.b. 1816, sagt um 100 ára í fasteignamati 1918.

**Önnur nöfn:** Íbúðarhúsið í Útkaupstað

**Eigandi/ábúandi:** Örum og Wulff, C.D.

Tuliníus, Hinar sameinuðu íslensku verslanir (T.E. Tuliníus).

**Örlög:** Rifið 1984.

**Athugasemdir:** Viðbygging við húsið, reist 1880 var nefnd Skúrinn.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986; Geir Hólm, 1988; Fasteignamat 1918.

### ARNGRÍMSHÚS

**Kort:** 2.4.

**Staðs:** U.þ.b þar sem nú er útendi hússins við Útkaupstaðarbraut 1.

**Byggingarár:** 1890.

**Örlög:** Rifið um 1965.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar 2000.

### TUGTHÚSIÐ

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Ofan við Strandgötu 43.

**Byggingarár:** 1874.

**Önnur nöfn:** Fangahúsið.

**Örlög:** Rifið 1942.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1986.

### ÍSAKSHÚS

**Kort:** 2.4 – merkt „Gamli Baukur“.

**Staðs.:** U.þ.b. þar sem nú er Strandgata 43. Hugsanlega sama hús og Gamli Baukur. Sjá Gamla Bauk.

**Byggingarár:** 1832.

**Eigandi/ábúandi:** Ísak Árnason snikkari

**Örlög:** Ísakshús síðast nefnt 1852. Varð sennilega hluti af Gamla Bauk.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986.

### GAMLI BAUKUR

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Þar sem nú er Strandgata 43.

**Byggingarár:** Fyrir 1854. Hugsanlega 1832 – sjá Ísakshús.

**Önnur nöfn:** Baukur, Assistentshúsið, Hús Liljendahls, Sýslumannshúsið, Skuldarprentsmiðja, Prentsmiðja, Ísakshús. Sjá Ísakshús.

**Örlög:** Rifið um 1957.

**Athugasemdir:** Húsið er sýnt á sjókorti frá 1854 og talað er um það sem mjög gamalt hús 1879. Byggt var við húsið 1865 og eftir 1878 hét efri hluti hússins sýslumannshús en neðri hlutinn Skuldarprentsmiðja eða Prentsmiðja. Stóð enn 1924.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1930; 1970; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

### SÍMONARHÚS

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Var við Kirkjustíg 6, rétt utan og ofan við Kirkjustíg 4, beint niður af Kirkjustíg 8.

**Byggingarár:** 1890.

**Eigandi/ábúandi:** Símon Jónsson.

**Örlög:** Rifið um 1996.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1970; Kristján V Kristjánsson, 1994; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000

### GARÐHÚS

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Þar sem nú er Kirkjustígur 4.

**Byggingarár:** 1880.

**Önnur nöfn:** Garðshorn, Sandshús, Garðshús.

**Eigandi/ábúandi:** í G bjuggu Jón Pálsson bóndi í Eskifirði og Sesselja Jónsdóttir ljósmóðir.

**Örlög:** Nýtt hús reist árið 1963 þar sem G stóð.

**Athugasemdir:** G var lítil bær, í fyrstu byggður upp úr gamalli hlöðu.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986; Fasteignamat 1918.

### GÓÐTEMPLARAHÚSIÐ

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Fyrst stóð það u.þ.b. þar sem nú er Kirkjustígur 2 en var svo flutt þar sem nú er Strandgata 45.

**Byggingarár:** 1897.

**Önnur nöfn:** Hótel Eskifjörð.

**Örlög:** Hluti hússins flutt 1907 af Antoni Jakobssyni og endurreist við innstafinn á Antonshúsi - Sjá Antonshús.

**Athugasemdir:** Þar voru sýndar kvikmyndasýningar upp úr 1920.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986.

### GÍSLAHÚS

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Í nágrenni við pakkhús Örum og Wulffs. Ofar en Pálshús.

**Byggingarár:** um 1848.

**Eigandi/ábúandi:** Gísli Jónsson járnsmiður.

**Örlög:** Gíslahús stendur 1879 en er þá talið fremur „fornfálegt“. Líklega farið skömmu síðar.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971, 1986.

### **PÁLSHÚS**

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Líklega á svipuðum slóðum og Gamli-Skóli, rétt innan og neðan við Strandgötu 43.

**Byggingarár:** 1834.

**Eigandi/ábúandi:** Páll Ísfeld snikkari

**Örlög:** Síðast nefnt 1843. Hugsanlegt að það hafi að hluta verið uppistaða í barnaskólahúsinu sem reis fyrir 1876. Sjá Gamla Skóla.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Hörður Ágústsson, 1980.

### **HÚS GUÐNÝJAR JÓNSDÓTTUR Í HVAMMI**

**Staðs.:** Sjá Gamla Skóla.

**Byggingarár:** 1867.

**Eigandi/ábúandi:** Guðný Jónsdóttir í Hvammi.

**Örlög:** Hugsanlegt að það hafi að hluta verið uppistaða í barnaskólahúsinu sem reis fyrir 1876.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971.

### **GAMLI SKÓLI**

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Rétt neðan og innan við þar sem nú stendur Strandgata 43.

**Byggingarár:** Risið 1876 en líklega töluvert fyrir (sjá Pálshús). Í skjölum frá árinu 1879 er húsið talið fremur „fornfálegt“.

**Önnur nöfn:** Skólahúsið, Kvinnaskólinn, Svartiskóli, Barnaskólinn.

**Eigandi/ábúandi:** Guðný Jónsdóttir, síðar Carl D. Tulíníus, síðar Guðrún S. Arnesen.

**Örlög:** Var rífið upp úr 1930.

**Athugasemdir:** Upphaflega gert úr tveimur húsum, hugsanlega úr húsi reistu 1867 sem Guðný Jónsdóttir og maður hennar Jóhannes Jakobsson veitingamaður í Hvammi reisti. Ytri endinn gæti hugsanlega verið Pálshús frá 1834-1843.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971.

### **ANTONSHÚS**

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** U.þ.b. þar sem nú er Strandg. 45.

**Byggingarár:** Reist á árunum 1895-1897.

**Eigandi/ábúandi:** Guðmundur Jóhannesson kaupmaður, síðar Krístrún Gísladóttir kona Friðgeirs Hallgrímssonar.

**Örlög:** Rífið um 1975.

**Athugasemdir:** Þar voru kvikmyndasýningar upp úr 1920.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971;1986; Fasteignamat 1918; 1970.

### **HINRIKSHÚS**

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Rétt neðan við þar sem nú er Standgata 44.

**Byggingarár:** 1905.

**Önnur nöfn:** Nótastofa.

**Eigandi/ábúandi:** Hinrik Hallgrímsson.

**Örlög:** Fjarlæggt um 1970.

**Athugasemdir:** Fyrst nótastofa en svo lengi notað til íbúðar og þá staðsett skv. korti 2.4. Síðast flutt niður nær sjónum á svipuðum slóðum og það stóð og notað í síldarsöltun.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1930; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Ölver Guðnason, munnlegar upplýsingar, 2000; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

### **AFGREIÐSLUHÚS GUÐMUNDAR JÓHANNESSONAR**

**Kort:** 2.4

**Staðs.:** U.þ.b. á milli Strandg. 42 og 46C.

**Byggingarár:** Um 1922.

**Eigandi/ábúandi:** Guðmundur Jóhannesson kaupmaður.

**Örlög:** Rífið um 1985.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1970; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000, Hörður Ágústsson, 1980.

### **OLÍUSKÚR**

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Utan og neðan við Strandgötu 46C.

**Byggingarár:** Um 1920.

**Örlög:** Rífið um 1980.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000; Geir Hólm, munnlegar upplýsingar, 2000.

### **ÞÓRUNNARHÚS**

**Kort:** Ekki sýnt á korti.

**Staðs.:** Á milli Lambeyrar og Útkaupstaðar. Engin veit með vissu hvar húsið stóð.

**Byggingarár:** Um 1811.

**Eigandi/ábúandi:** Kolbeinn Jónsson og Þórunn Jónsdóttir frá Fáskrúðsfirði.

**Örlög:** Horfið 1836.

**Athugasemdir:** Úr torfi og grjóti. Getið í manntali 1816.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971.

## BRÁÐRÆÐI

**Kort:** Ekki sýnt á korti.

**Staðs.:** Á milli Lambeyrar og Útkaupstaðar. Á sömu slóðum og Þórunnarhús (Sjá Þórunnarshús). Engin veit með vissu hvar húsið stóð.

**Byggingarár:** Um eða skömmu fyrir 1810.

**Eigandi/ábúandi:** Sveinn Árnason vinnumaður í Framkaupstað.

**Örlög:** Horfið 1836.

**Athugasemdir:** Getið í manntali 1816.

Úr torfi og grjóti.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971.

## URÐ / BEIKIRSHÚS

**Kort:** Ekki sýnt á korti.

**Staðs.:** Ekki þekkt, en líklega á Grjótártungu.

**Byggingarár:** Fyrir 1831.

**Eigandi/ábúandi:** Sigurður Ólafsson beykir.

**Athugasemdir:** Um tíma kennt við Ásmund Ísfeld beyki.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971.

## BINDINDISHÚSIÐ

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Upphaflega reist utan við Lambeyrará. U.þ.b. þar sem nú er Strandgata 48.

**Byggingarár:** 1896.

**Eigandi/ábúandi:** Bindindismenn á Eskif.

**Örlög:** Rifið um 1903 og endurreist sem Nýja búð í Útkaupstað.

**Athugasemdir:** Samkomuhús.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1986; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## VERKALÝÐSHÚSIÐ

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Þar sem nú er Strandgata 58.

**Byggingarár:** 1934.

**Önnur nöfn:** Kommúnistahúsið.

**Eigandi/ábúandi:**

**Örlög:** Rifið 1954.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1983; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Ölver Guðnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## \*LAMBeyRI (YNGRI, INNRI)

**Kort:** 2.4.

**Staðs.:** Á síðari tímum stóð hús með nafninu L rétt utan við Lambeyrará, spölkorn ofan við núverandi útibú Landsbanka Íslands.

**Byggingarár:** 1875.

**Önnur nöfn:** Sýslumannsetur, Sýslumannshúsið, Landsbankahúsið.

**Eigandi/ábúandi:** Gytta Thorlacius, ekkja Bjarna Thorlacius lét reisa það

**Örlög:** Rifið 1969 þegar nýtt aðsetur Landsbankans var reist.

**Athugasemdir:** Krapaflóð féll á húsið 1904 og fylli kjallara þess og eyðilagði mikið af matvælum. Þá flæddi mikið vatn inn í kjallara hússins í flóðunum 1940.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1986; Jón Gunnar Egilsson, 1990.

## HÁTÚN

**Kort:** 2.5.

**Staðs.:** Botnabraut 1, ofan og örlítið utan við Lambeyrarbraut 1.

**Byggingarár:** Hús með þessu nafni hefur staðið á þessum stað frá 1886: Nýtt hús var reist þar árið 1904.

**Eigandi/ábúandi:** Þórunn Þórólfsdóttir.

**Örlög:** Rifið um 1980.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; Fasteignamat 1930;1970; Kristján V. Kristjánsson, 1994; Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000, Ölver Guðnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## \*GAMLA ELLIHEIMILIÐ

**Kort:** 1.4.

**Staðs.:** Botnabraut 3.

**Byggingarár:** 1958.

**Eigandi/ábúandi:** Verkamannafélagið Árvakur, Alþýðusamband Austurlands.

**Örlög:** Stendur enn.

**Athugasemdir:** Árið 1981 hljóp Lambeyrará og flæddi leir og grjót um gamla elliheimilið. Flytja varð alla vistmenn þaðan en tjón varð ekki mikið.

**Heimild:** Fasteignamat 1999; Jón Gunnar Egilsson, 1990, Hilmar Bjarnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## SÓLHÓLL

**Kort:** 2.5.

**Staðs.:** Botnabraut 5, rétt innan og ofan við þar sem nú er Hátún 3.

**Byggingarár:** 1946.

**Eigandi/ábúandi:** Gunnar Ólafsson.

**Örlög:** Rifið eftir 1970.

**Heimild:** Fasteignamat 1970; Kristján V. Kristjánsson, 1994.

## **SIGGAHÚS**

**Kort:** 2.5.

**Staðs.:** Ofan við Helgafell 9, alveg upp við Norðfjarðarveg.

**Byggingarár:** 1946.

**Örlög:** Fjarlæggt um 1965.

**Heimild:** Ölver Guðnason, munnlegar upplýsingar, 2000.

## **LAMBEYRI (YTRI, ELDR)**

**Staðs.:** Fyrsta húsið með nafninu **L** mun hafa staðið á hól þar sem nú er íþróttahús og grunnskóli.

**Byggingarár:** Hús með nafninu **L** hefur verið til a.m.k. frá því á miðri 17. öld.

**Eigandi/ábúandi:** Einar Ólafsson, Skúli Marteinnsson, Þorsteinn ríki Þorsteinsson, Didrik Árnason.

**Örlög:** Óþekkt en stóð árið 1814. Ný Lambeyri var reist innar í þorpinu árið 1875 (Sjá Lambeyri yngri).

**Athugasemdir:** Hjáleiga frá Eskifirði Getið í Stríðshjálparreikningi frá árinu 1681.

**Heimild:** Einar Bragi Sigurðsson, 1971; 1977; Hörður Ágústsson, 1980.

## **LAMBEYRARKAUPSTAÐUR**

**Kort:** 2.5.

